

Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR 07080044	Ábm.	BB
Db.	300	Aðrir	
Mótt.	30.08.2007	Svarfr.	
Aths.		LVM	

Reykjavík 29. ágúst 2007

Forsætisráðherra

Hr. Geir H. Haarde

Efni: Breytingar á Stjórnarráðinu

Í ljósi þess að ný ríkisstjórn tók til starfa undir þínu forsæti í maí s.l. og markaði sér á mörgum sviðum stefnumið og stjórnarsáttmála sem er opinber, veldur það óvissu og undrun að sögusagnir eru á kreiki um tilfærslur á verkefnum innan Stjórnarráðsins sem ekki voru staðfestar á sumarþingi en liggja í loftinu og hafa ekki verið tilkynntar sem samkomulag stjórnarflokkanna.

Fyrir hartnær hálfri öld lagði Bjarni Benediktsson, prófessor og þá alþingismaður fram frumvarp um Stjórnarráð Íslands. Bjarni sagði þá í þingræðu: „Æskilegast er, að þær umbætur verði lögfestar með samráði og samvinnu ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu, svo að líkur verði fyrir meiri festu í þessum efnunum en verið hefur.“

Á sumarþingi réðst nýr þingmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í breytingar á Stjórnarráðinu. Ráðuneyti voru bæði sameinuð og þeim skipt upp án þess að heildarstefna væri höfð að leiðarljósi.

Í vor lá í loftinu að á haustþingi yrði síðan gengið til mikilla breytinga á verkefnum ráðuneytanna með tilfærslu sem virðist byggja eingöngu á munnlegu samkomulagi formanna stjórnarflokkanna við myndun ríkisstjórnar.

Hér skal það tekið fram að það er ekki einkamál Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að ganga til breytinga á verkefnum Stjórnarráðsins. Framsóknarflokkurinn lýsir sig reiðubúinn til samstarfs um endurskoðun á Stjórnarráðinu og verkaskiptingu þess. Í raun er það lýðræðislegur réttur Alþingis, allra alþingismanna, stofnana og hagsmunaaðila í þjóðfélaginu að fá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar.

Allt eru þetta stór pólitísk mál sem þarfnast ítarlegrar skoðunar og umræðu

Ég tel það því rétt Alþingis og allra alþingismanna, bæði stjórnarþingmanna og þingmanna stjórnarandstöðu að forsætisráðherra upplýsi hver áformin eru og tillögur ríkisstjórnarinnar á þeim breytingum sem kunna að verða á dagskrá á komandi haustþingi.

Virðingarfyllt,



Guðni Ágústsson

formaður Framsóknarflokksins